



Fundargerð

506. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 22. maí 2024.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson, Einar Kristján Jónsson, Dagný Kapitola Gjöveraa og Karl Antonsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn og gesti velkomna og setti fundinn klukkan 11.00.

Oddviti lagði til að nýr dagskráliður yrði tekinn á dagskrá, viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2024 og verður liðurinn númer 6 á dagskrá fundarins og aðrir liðir færast neðar á dagskrá. Breyting á dagskrá samþykkt samhljóða.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 2405014 - Ársreikningar Skaftárhrepps 2023-fyrri umræða.
Haraldur Örn Reynisson og Arnar Leó Guðnason frá KPMG gerðu grein fyrir ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2023.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningum Skaftárhrepps til síðari umræðu.
- 2405015 - Kjörskrá Skaftárhrepps
Lögð fram til endanlegrar staðfestingar kjörskrá Skaftárhrepps, vegna kjörs til Forseta Íslands, þann 1. júní 2024.
Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagða kjörskrá og felur sveitarstjóra að undirrita hana til notkunar á kjördegi, þann 1. júní næstkomandi.
- 2403012 - Hula bs.
Lagðar fram til seinni umræðu endurskoðaðar samþykktir fyrir Bygðasamlagið Hula bs.
Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagðar, endurskoðaðar samþykktir fyrir Bygðasamlagið Hula bs.
- 2405006 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Erindi, dagsett 10. apríl 2024, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Mörtunga slf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H fristundarhús. Staðsetning gististaðarins er Mörtunga 2.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

BHS
AG
GAS
JK
JS.
1561



5. 2405007 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Erindi, dagsett 6. maí 2024, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Fish Partner ehf. Sótt er um leyfi til reksturs í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Geirland lóð.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.
6. 2405016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
Sveitarstjóri lagði fram viðauka á fjárhagsáætlun ársins 2024 vegna kaupa á nýjum liðléttingi. Engin breyting verður á rekstri sveitarfélagsins en fjárfesting eykst um 10,8 m.kr. sem er mætt með lækkun á handbæru fé.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, framlagðan viðauka á fjárhagsáætlun ársins 2024.

Fundargerðir til kynningar

7. 2405012 - Ungmennaráð Skaftárhrepps
Lögð fram fundargerð 3. fundar ungmennaráðs Skaftárhrepps frá 27. mars 2024.
Lagt fram til kynningar.
8. 2405008 - Skógasafn
Lögð fram fundargerð safnstjórnar Skógasafns frá 12. mars 2024.
Lagt fram til kynningar.
9. 2405009 - Skógasafn
Lögð fram fundargerð aðalfundar Skógasafns frá 22. apríl 2024, ásamt ársskýrslu, ársreikningum og endurskoðunarskýrslu.
Lagt fram til kynningar.
10. 2405010 - Markaðsstofa Suðurlands
Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands frá 5. febrúar 2024.
Lagt fram til kynningar.
11. 2405011 - Markaðsstofa Suðurlands
Lögð fram fundargerð 7. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands frá 4. mars 2024.
Lagt fram til kynningar.

JS. Af BHS
GD JAK



12. 2405013 - Samtök orkusveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 72. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 2. maí 2024.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar

13. 2405005 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Lagt fram bréf, dagsett 8. maí 2024, þar sem sveitarfélaginu er synjað um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 12.40.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmundsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Jón Hrafn Karlsson